

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. janúar 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga, 402. mál.

Frumvarp þetta er liður í heildarendurskoðun laga um almannatryggingar og er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar. Í frumvarpi þessu eru gildandi ákvæði almannatryggingalaga um slysatryggingar færð í sérlög án efnisbreytinga.

Samtök atvinnulífsins leggja til að í 1. gr. frumvarpsins verði orðskýringar eins og í fyrirliggjandi frumvarpi um breytingu á lögum um almannatryggingar. Einkum þarf að skilgreina hugtökin örorka, varanleg örorka og orkutap (12. gr.), hvaða skilyrði þarf að uppfylla og hverjir meti þau. Þá koma fram prósentuhlutföll hugtakana örorku og orkutaps, 50% og 75%, og er brýnt að þessi hlutföll séu skýrð nánar, þ.e. hvernig þau skuli reiknuð.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Hannar G. Sigurðsson